

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vesturbyggð Urðun Vatnseyrarhlíðum



Dags eftirlits	18.6.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Vesturbyggð	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Aðalstræti 63	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	5106942369	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Elfar Steinn Karlsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	269508,137 575572,771

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í lokunareftirlit á aflagðan urðunarstað Vesturbyggðar í Vatnseyrarhlíðum, Patreksfirði. Þrjú frávík frá fyrirmælum um frágang og vöktun komu fram í eftirlitinu. Unnið er að borun grunnvatnshola svo vöktun á grunnvatni geti hafist. Þá hafa framkvæmdir við að hylja urðunarstaðarins með jarðvegi tafist. Vonir eru bundnar við að þær hefjist á næsta ári (2019). Þá hefur ekki verið staðið skil á árlegri skýrslu til Umhverfisstofnunar eða mælingar á sigi urðunarstaðarins farið fram. Lokað er fyrir aðgang að svæðinu.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á fundi þar sem farið var yfir framgang lokunaráætlunar sem lögð var fram í apríl 2014. Áætlanir um að hylja svæðið með jarðvegi hafa ekki staðist en vonir eru bundnar við að mikið magn af jarðvegi muni falla til þegar kemur til framkvæmda á ofanflóðavörnum, mögulega á næsta ári (2019). Jarðvatnssýni hafa ekki verið tekin en unnið er að borun grunnvatnshola svo slíkar mælingar geti farið fram. Í kjölfar eftirlitsins voru sendar teikningar sem sýndu tillögu að staðsetningu grunnvatnshola neðan við urðunarstaðinn. Umhverfisstofnun samþykkti staðsetningu þeirra í tölvupósti 26. júní sl. Þar sem að urðunarstaðurinn er í bröttum fjallshlíðum er talið að erfitt muni reynast að ná borholu ofan við urðunarstaðinn til að fá viðmiðunarsýni. Rekstraraðili hefur því óskað eftir að grunnvatn úr neysluvatnsholum inn í bænum verði notaðar til viðmiðunar. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við það fyrirkomulag. Ekki hafa verið gerðar mælingar á umfangi urðunarstaðarins (sig) sem ber að gera árlega skv. fyrirmælum um lokun og frágang.

Að loknum fundi var urðunarstaðurinn skoðaður. Svæðið hefur verið jafnað út og gróflega hulið með mól og fjörugrjóti en nokkuð var um járn og annar úrgangur stæði upp úr. Þá eru hlíðar urðunarstaðarins talsvert brattar. Keðja er fyrir veginum sem liggur upp að urðunarstaðnum til að hindra aðgang inn á svæðið.

Frávík frá

Grein 1.8 í fyrirmælum um frágang og vöktun

Lýsing á frávíki

Mælingar á grunnvatni hafa ekki farið fram skv. lokunaráætlun en unnið er að borun grunnvatnshola og því viðbúið að mælingar geti hafist í kjölfarið.

Grein 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun

Mælingar sem gerð er krafa um í starfsleyfinu hafa ekki farið fram og ekki hefur verið staðið skil á árlegri skýrslu um skráningar til Umhverfisstofnunar sem ber að skila fyrir 1.maí árlega.

Grein 1.4 í fyrirmælum um lokun og frágang

Ljúka átti öllum frágangi svæðisins fyrir 1. október 2016 en enn á eftir að hylja svæðið betur með jarðvegi og laga landslagið í samræmi við deiliskipulag.

ANNAÐ

Í eftirlitinu var rætt um timbur sem hefur safnast fyrir á lóð neðan við urðunarstaðinn. Í haugnum var bæði málað og hreint timbur og óskaði fulltrúi bæjarfélagsins eftir leiðbeiningum um ráðstöfun hans. Í því samhengi bendir Umhverfisstofnun á að geymslustaðir fyrir úrgang eru starfsleyfisskyldir hjá heilbrigðisnefnd. Rétt er að benda á að brýnt er að koma á flokkunargámum fyrir málað og ómálað timbur svo vandamálið haldi ekki áfram að vinda upp á sig. Einnig er mikilvægt að loka geymslusvæðinu með skýrari hætti.

Reykjavík, 27.07.2018

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Halla Einarsdóttir